

LÖG

**um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti
þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 36. gr. laganna orðast svo: Ráðningartími héraðspresta skal vera fimm ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

19. mars 1999

Nr. 56

LÖG

um landshlutabundin skógræktarverkefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu og verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er.

2. gr.

Landshlutaverkefni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og að fengnu álití Skógræktar ríkisins að stofna til sérstakra landshlutaverkefna í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæð verkefni sem fá framlög til skógræktar á tilteknu landsvæði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Fjölnytjaskógrækt. Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, með það markmið að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti. Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka. Annars vegar eru beltí sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði og hins vegar beltí sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á ber-svæði.